

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR nr. 2495/78/KSE

frá 20. október 1978

um breytingu á ákvörðun nr. 25/67 frá 22. júní 1967 varðandi reglugerð um framkvæmd 3. mgr. 66. gr. stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu með undanþágu frá fyrirfram veittu leyfi⁽¹⁾

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu, einkum 47., 66. og 80. gr.,

með hliðsjón af stofnsáttmála um eitt ráð og eina framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, einkum 9. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun nr. 25/67 frá 22. júní 1967 varðandi reglugerð um framkvæmd 3. mgr. 66. gr. sáttmálans um undanþágu frá fyrirfram veittu leyfi⁽²⁾,

með samþykki ráðsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með ákvörðun nr. 25/67 veitti hið háa yfirvald, í samræmi við 3. mgr. 66. gr., undanþágu frá þeirri skyldu að fá leyfi fyrirfram fyrir tiltekna flokka viðskipta sem, með hliðsjón af stærð eigna eða fyrirtækja sem í hlut eiga og eðli þeirrar samfylkingar sem úr verður, uppfylltu skilyrði 2. mgr. 66. gr.

Reynslan hefur sýnt að þörf er á að aðlaga ákvörðun nr. 25/67 með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa síðan, að því er lýtur að framleiðslumagni, efnahagsskipulagi og markaðs- og samkeppnisskilyrðum, einkum að því er varðar magntakmarkanir.

Framleiðsla forunnins járngrýtis hefur orðið æ þýðingar-meiri og því ber að setja viðeigandi takmarkanir fyrir þennan flokk framleiðsluvara.

Með tilliti til séreinkenna sem aðgreina þá frá hrájarni til stálgerðar ber að skilgreina sérflokk fyrir aðrar gerðir hrájarns og járnblendis með viðeigandi takmörkum fyrir undanþágu.

Þegar um er að ræða samfylkingar fyrirtækja sem starfa við kola- eða stálframleiðslu og fyrirtækja sem ákvæði sáttmálans ná ekki til ber að taka tillit til forréttinda sem

fyrirtæki í bandalaginu geta notið í gegnum slíkar samfylkingar er tryggir þeim markað fyrir framleiðsluvörur sínar. Þegar um er að ræða samfylkingar stálframleiðenda og fyrirtækja sem nota stál lítið sem hráefni getur árleg notkun umræddra fyrirtækja áður en til samfylkingar kom oft numið meira en 50% framleiðslu þeirra í þeim vöruflokkum sem samfylking hefur ekki áhrif á. Af þeim ástæðum gátu þau í flestum tilvikum ekki fengið undanþágu frá þeirri skyldu að fá leyfi fyrirfram samkvæmt skilyrði 3. gr. ákvörðunar nr. 25/67. Meta ber mikilvægi frekari markaða sem slíkir framleiðendur fá aðgang að í gegnum samfylkinguna með hliðsjón af stálnotkun fyrirtækjanna sem í hlut eiga og ákvæði sáttmálans ná ekki til. Þó ber að veita undanþágu frá kröfunni um að fá leyfi fyrirfram þegar fyrirtæki í bandalaginu fá í gegnum samfylkingu einungis óverulega aukningu á hugsanlegum mörkuðum sem hefur engin áhrif á samkeppni.

Með tilliti til samdráttar á markaðinum fyrir kol til heimilisnotkunar og þeirrar staðreyndar að heilidsölverslun í ýmsum aðildarríkjum er mjög dreifð ber að veita almenna undanþágu fyrir samfylkingar dreifingaraðila og annars lítils dreifingaraðila. Hins vegar er við hæfi að takmarka fjölda slíkra samfylkinga sem fá undanþágu á tilteknu tímabili.

Breytingar á skipulagi stáldreifingar í bandalaginu kalla á hærri viðmiðunarmörk fyrir samfylkingar dreifingaraðila.

Þegar um er að ræða brotajárn ber að hækka viðmiðunarmörk á sölu þeirra en auk þess takmarka fjölda samfylkinga sem fá undanþágu á tilteknu tímabili.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

⁽¹⁾ Texti ákvörðunar nr. 25/67, eins og honum var breytt með þessari ákvörðun, birtist í *Stjórnartíðindum EB* nr. C 255 frá 27. október 1978, bls 2.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. 154, 14. 7. 1967, bls. 11.

Ákvörðun nr. 25/67 er breytt sem hér segir:

1. Í stað flokkanna sem skráðir eru í f-lið og áfram í 1. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„f)	forunnið grýti	400 000 tonn
g)	hrájárn til stálgerðar	4 000 000 tonn
h)	aðrar gerðir hrájárns og járnblendis	250 000 tonn
i)	óunnið stál (venjulegt stál: hleifar, hálfunnar vörur og stál í fljótandi formi)	5 000 000 tonn
j)	blendið og óblendið sérstál (hleifar, hálfunnar vörur og stál í fljótandi formi)	500 000 tonn
k)	unnar, valsaðar stálvörur, þar með taldar fullunnar vörur	4 000 000 tonn.“

2. Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr:

1. Viðskipti sem um getur í 1. mgr. 66. gr. skulu vera undanþegin kröfu um að fá leyfi fyrirfram ef þau leiða beint eða óbeint til samfylkingar:

- a) fyrirtækja sem starfa við stálframleiðslu, og
- b) fyrirtækja sem heyra ekki undir gildissvið 80. gr. ef:

— ársframleiðsla fyrirtækjanna sem um getur í a-lið fer ekki meira en 20% fram úr því magni í tonnum sem tilgreint er fyrir vöruflokkana sem um getur í g-lið til k-liðar í 1. mgr. 1. gr., eða

— árleg stálnotkun fyrirtækja sem eiga aðild að samfylkingunni fer ekki meira en 50% fram úr framleiðslu þeirra í vöruflokkum sem fyrirtækin sem um getur í b-lið nota. Þó skal einungis taka tillit til þeirra vöruflokka sem skráðir eru í viðauka við þessa ákvörðun þegar um ræðir unnar, valsaðar stálvörur og fullunnar vörur, eða

— fyrirtæki sem um getur í b-lið nota ekki meira en 10 000 tonn af venjulegu stáli eða 1 000 tonn af sérstáli og markaðsaukningin hjá þeim fyrirtækjum sem um getur í a-lið nemur ekki meira en 20 000 tonnum af venjulegu stáli eða ekki meira en 2 000 tonnum af sérstáli á þriggja ára tímabili.

2. Ekki ber að telja til stálnotkun það magn sem notað er við framleiðslu stáls og til að viðhalda byggingum fyrirtækja sem í hlut eiga eða endurnýja þær.“

3. Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr:

1. Viðskipti sem um getur í 1. mgr. 66. gr. skulu undanþegin kröfu um að fá leyfi fyrirfram þegar þau leiða beint eða óbeint til samfylkingar fyrirtækja sem starfa við dreifingu kola en selja ekki til heimilisnotkunar eða handiðnaðar (hér eftir nefnd „dreifingarfyrirtæki“) ef:

- a) annaðhvort árleg heildarsala dreifingarfyrirtækja sem eiga aðild að samfylkingunni nemur ekki meira en 2 500 000 tonnum kola; eða
- b) aukningin á árlegri heildarsölu sem af samfylkingunni leiðir nemur ekki meira en 100 000 tonnum kola.

Þó skulu endurtekin viðskipti af þessu tagi eða viðskipti sem ná til fleiri dreifingarfyrirtækja í einu einungis vera undanþegin kröfunni að fá leyfi ef aukning á heildarsölu sem af samfylkingu leiðir nemur ekki meira en 300 000 tonnum.

2. „Heildarsala“ tekur til þess magns sem dreifingarfyrirtæki selja fyrir eigin reikning eða fyrir þriðju aðila. Sala til heimilisnotkunar og handiðnaðar reiknast ekki með.“

4. Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. gr:

1. Viðskipti sem um getur í 1. mgr. 66. gr. skulu undanþegin kröfu um að fá leyfi fyrirfram þegar þau leiða beint eða óbeint til samfylkingar fyrirtækja sem starfa við dreifingu stáls en selja ekki til heimilisnotkunar eða handiðnaðar (hér eftir nefnd „dreifingarfyrirtæki“) ef:

- a) annaðhvort heildarársvelta af stáli — að undanskildu brotajárni — allra dreifingarfyrirtækja er eiga aðild að samfylkingunni nemur ekki meira en 100 milljónum evrópskra reiknieininga; eða

- b) ársvelta af stáli — að undanskildu brotajárni — eins dreifingarfyrtækis sem á aðild að samfylkingunni nemur ekki meira en 20 milljónum evrópskum reiknieiningum. Þó skulu endurtekin viðskipti af þessu tagi eða viðskipti sem ná til fleiri dreifingarfyrtækja í einu einungis vera undanþegin kröfu um að fá leyfi ef aukning ársveltunnar sem af samfylkingu leiðir nemur ekki meira en 40 milljónum evrópskra reiknieininga.
2. Viðskipti sem um getur í 1. mgr. 66. gr. skulu undanþegin kröfu um að fá leyfi fyrirfram þegar þau leiða beint eða óbeint til samfylkingar fyrtækja sem starfa við dreifingu brotajárns ef:
- a) annaðhvort árleg heildarsala dreifingarfyrtækja sem eiga aðild að samfylkingunni nemur ekki meira en 700 000 tonnum brotajárns; eða
- b) aukningin á árlegri heildarsölu eins dreifingarfyrtækis sem á aðild að samfylkingunni nemur ekki

meira en 100 000 tonnum brotajárns. Þó skulu endurtekin viðskipti af þessu tagi eða viðskipti sem ná til fleiri dreifingarfyrtækja í einu einungis vera undanþegin kröfunni að fá leyfi ef aukning á heildarsölu sem af samfylkingu leiðir nemur ekki meira en 200 000 tonnum brotajárns á þriggja ára tímabili.

3. Reikna ber ársveltu með hliðsjón af magni framleiðsluvara selt fyrir eigin reikning eða fyrir þriðju aðila. „Heildarsala“ tekur til þess magns sem dreifingarfyrtæki selja fyrir eigin reikning eða fyrir þriðju aðila.“

5. Í 1. mgr. 10. gr. komi „framkvæmdastjórninni“ í staðinn fyrir „hinu háa yfirvaldi“.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 1978.

Ákvörðun þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. október 1978.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Étienne DAVIGNON

framkvæmdastjóri.